

Bstj. 18. október 2011

**Borgarstjórn Reykjavíkur 18. október 2011**

**Forseti:** Settur er fundur í borgarstjórn og vill forseti byrja á því að bjóða hjartanlega velkomna nýja pólitíkusa frá Berlín í Sjóræningjaflokkinum og til lukku með ykkar áfanga. Þá förum við í fyrsta mál á dagskrá sem er tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

Bstj. 18. október 2011

**1. mál Tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks (að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar)**

**Eva Einarsdóttir:** Kæri forseti, kæra borgarstjórn, kæru borgarar. Hæ. Ég er hér komin til að lesa upp og fylgja úr hlaði tillögu borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar um stefnumótun í málefnum ungs fólks.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að vinna stefnumótun í málefnum ungs fólks, 16 ára og eldri. Stefnumótunin miði að aukinni virkni ungs fólks og að markvisst verði unnið gegn fjölgun ungs fólks í hópi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík. Stefnumótunarvinnan skoði sérstaklega þau tækifæri sem frístundamiðstöðvar borgarinnar, auk Hins hússins, hafa upp á að bjóða til að efla virkni ungs fólks í hverfum borgarinnar. Stefnumótunin verði unnin í nánú samstarfi skóla- og frístundasviðs, íþróttá- og tómstundasviðs, og velferðarsviðs og til ráðgjafar verði mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Reykjavíkurráð ungmenna.

Ég tel mikilvægt að hafist verði handa við heildstæða úttekt á högum ungs fólks 16 ára og eldri í borginni. Aðstæður þessa aldurshóps eru um margt sérstakar. Stærstur hluti hópsins er við nám en þó er umtalsverður hluti hans ekki innan framhaldsskólakerfisins. Við 18 ára aldur nemur brotthvarf frá námi um 18%. Við 25 ára aldur hafa innan við tveir þriðju lokið framhaldsskólaprófi af einhverju tagi. Ef miðað er við nágrannaþjóðirnar er þetta hlutfall alls ekki viðunandi, þó að vissu leyti sé erfitt að bera þetta saman, því námsúrvalið hér er ekki eins fjölbreytt og mun minna er um framboð á styttri námsleiðum en gengur og gerist í öðrum löndum.

Fjöldi þeirra 18 til 24 ára sem í dag nýtur framfærslu borgarinnar er um 500 einstaklingar en á atvinnuleysisskrá hafa undanfarna mánuði verið á bilinu 800-1000 manns í þessum aldurshópi. Sérstakt áhyggjuefni er fjöldi þeirra sem verið hefur án atvinnu til langs tíma. Þó góð reynsla sé af samstarfi borgarinnar og Vinnumálastofnunar vegna þeirra sem eru í þessum aðstæðum er ljóst að efla má samskipti borgar og ríkis og skýra betur hvar frumkvæði og ábyrgð liggur innan borgarkerfisins. Það er mikilvægt að við stefnumótun og þróun úrræða verði horft heildrænt á þjónustu við ungt fólk, hvort sem það hefur rétt til atvinnuleysisbóta frá ríkinu eða nýtur framfærslu borgarinnar.

Bstj. 18. október 2011

Eftir að grunnskóla lýkur minnkar framboð á skipulögðu tómstundastarfi fyrir þennan aldurshóp verulega. Þó margir framhaldsskóla í borginni haldi úti öflugu félagslífi er ljóst að stór hluti ungmenna nýtir sér það ekki og nýtir ekki heldur almenn tilboð frjálstra félaga. Kannanir Rannsókna og greiningar meðal framhaldsskólanema sýna að brotthvarf þeirra úr íþrótt- og félagsstarfi er verulegt þó yfir 80% þeirra stundi íþróttir eða líkamsrækt með reglubundnum hætti. Hlutfallið meðal þeirra sem eru í vinnu eða ekki við nám í þessu tilliti er innan við 40%. Í hópnum sem er án atvinnu og ekki við nám stundar um þriðjungur íþróttir eða líkamsrækt en sama könnun sýnir að þátttaka í öðru skipulögðu félagsstarfi en íþróttum í þessum hópi er óveruleg eða 4,2%.

Eins tel ég að horfa verði sérstaklega á hvort þurfi að efla félags- og tómstundastarf 16 ára og eldri í hverfum borgarinnar með virkri þátttöku unga fólksins sjálfs í starfinu. Kanna þarf hvort íþrótt-, lista- og æskulýðsfélög geti komið betur til móts við þarfir þessa aldurshóps og boðið upp á aðstöðu, annars konar æfingar, meira félagslegt starf og samstarf við aðila í nærumhverfinu sem veitt geta sérstakan félagslegan stuðning.

Hitt húsið, sem er staðsett í miðbæ Reykjavíkur, hefur lengi sinnt þessum aldursflokki með miklum myndugleika og þar er boðið upp á fjölbætta þjónustu og spennandi tómstundatilboð ef svo má að orði komast. Eftirspurn eftir skipulögðu tómstundastarfi í öðrum hverfum borgarinnar fyrir 16 ára og eldri er ekki ný af nálinni en hún verður æ háværi og var til dæmis eitt af því sem Reykjavíkurráð ungmenna talaði fyrir á sínum borgarstjórnarfundum með okkur hér fyrir á árinu. Í stefnumótunavinnu nýs sviðs á dögnum, skóla- og frístundasviðs, kom einnig fram að rýna þarf betur hvernig við viljum sinna þessum aldursflokki, bæði á nýju sviði og eins á þeim sviðum sem fyrir voru. Sjálf hef ég fengið ungmenni til mín sem oftast nær koma mjög vel undirbúin og snýst þeirra ósk um að bjóða upp á starfsemi fyrir 16 ára og eldri í þeirra eigin hverfi. Oft er óskað eftir sérhúsnæði og setji maður sig í þeirra spor skilur maður slíka bón. En í sporum Reykjavíkurborgar eða þeirra sem fara með málefni borgarinnar, þá eins og í allri annarri starfsemi, er leitast við að nota það húsnæði sem borgin býr yfir nú þegar.

Bstj. 18. október 2011

Mig langar að lesa upp úr skýrslu sem starfshópur skilaði inn til sviðsstjóra velferðarráðs og ÍTR í desember 2010 um atvinnumál ungs fólks en hér eru nokkrar tillögur um aukið samráð og samstarf í borginni:

Skoðað verði að auka heildstæða þjónustu. Við útfærslu verkefna og útteilingu fjármagns verði horft heildrænt á þjónustu við ungt fólk undir 25 ára aldri, hvort sem það hefur rétt til atvinnuleysisbóta frá ríkinu eða nýtur framfærslu borgarinnar. Komið verði á einum samskiptavettvangi fyrir samninga borgarinnar og Vinnumálastofnunar. Skipaður verði stýrihópur þvert á svið borgarinnar sem fari með málefni ungra atvinnuleitenda og tryggi yfirsýn yfir úrræði. Skerpa þarf samskiptaform og ákvarðanatöku og setja skýrari stefnu í málaflokknum. [Það er að segja atvinnumálum ungs fólks.] Skýrt verði hvar frumkvæði og ábyrgð liggi. Samstarf og samráð í hverfunum og innan borgarinnar í heild verði eflt markvisst. Efla þarf viðbragðshraða í stjórnarsýslu borgarinnar. Ákvarðanatöku og stefnumótun byggji á markvissu samráði, bæði lóðrétt og lárétt, í stjórnarsýslu. Innan þessa samráðs eru starfsmenn í beinni vinnu á vettvangi við leiðbeinendastörf og ráðgjöf, svosem virkniráðgjafar á þjónustumiðstöðum og verkefnastjórar íþrótt- og tólmstundaráðs í atvinnumálum.

Lögð verði áhersla á verkefni meðal sviða borgarinnar sem byggji á óformlegu námi eða vinnustaðanámi með stuðningi. Sérstaklega verði horft til reynslu af vítamínnámskeiðunum í Hinu húsinu, starfskraftinn, grunnnámið og námskraftinn hjá Námsflokkunum. Virknibrúin hjá velferðarsviði og verkefnum ÍTR í hverfum, það er að segja ÍTR-torgið. Mikilvægt er að verkefni fái ráðrúm til að þróast. Reynsla af viðbrögðum við miklu atvinnuleysi meðal ungs fólks er ekki mikil, því er mikilvægt að tryggja eftir föngum mat á skilvirkni úrræða og miðlun nýrrar þekkingar. Starfsfólki og þátttakendum í verkefnum gefist kostur á að deila reynslu sinni með öðrum þvert á fagsvið og stofnanir. Í þessu skyni verði komið á reglubundnum fundum, starfsdögum og kynningum í hverfum.

Þróa þarf og efla úrræði fyrir hópinn sem nýtur framfærslu borgarinnar og bregðast við þörfum hans. Einkenni hópsins eru meðal annars langtímaatvinnuleysi, félagsleg einangrun, fátækt og hann verður samfélaginu dýrastur til langs tíma litið. Viðbrögð okkar snúast líka um að fyrirbyggja að hann stækki og vinna gegn skaðlegum áhrifum.

Efla þarf tólmstundastarf fyrir aldurshópinn 16-25 ára. Eftir að grunnskóla lýkur minnkar framboð á skipulögðu tólmstundastarfi verulega. Þjóða þarf ungmennum upp á skipulagðar tólmstundir með virkri þátttöku þeirra sjálfra í starfinu. Leita þarf leiða til að bjóða upp á fjölbreytta tólmstundaaðstöðu, samverustað þar sem ungmennin geta hist án tillits til samfélagslegrar stöðu þeirra.

Mig langar bara rétt síðan að koma líka inn á eða segja frá smá úr skýrslu hóps sem starfar undir nafninu Ódýrari frístundir, með leyfi forseta, ég gleymdi víst að segja það áðan þegar ég las upp úr annarri skýrslu, afsakið kæra forsetafrú. Frístundakortið, í starfi 16 ára og eldri, þá varð mikil aukning í starfsemi félaga

Bstj. 18. október 2011

sem aðild eiga að frístundakortinu 2008 og 2009 en minnkaði svo nokkuð 2010. Þátttaka í námskeiðum líkamsræktarstöðva var líka mjög góð en heildarþátttaka 16-18 ára í starfi félaga var rúm 60% árið 2009. Einnig sýndi könnun Rannsókna og greiningar 2007 meðal framhaldsskólanema að um 83,7% þeirra stunduðu íþróttir eða líkamsrækt með reglubundnum hætti, þannig að það er margt sem segir okkur úr skýrslu Ódýrari frístunda og úr könnunum Rannsókna og greiningar að þetta hafi verið í góðum farvegi en ástundum bæði í íþróttum og tómstundum hafi minnkað.

Niðurstöður könnunar Rannsókna og greiningar meðal utanskólahóps benda meðal annars til þess að venjuleg eða hefðbundin úrræði duga ekki. Að skólaúrræði duga bara til hluta hópsins, stuttar starfsnámsbrautir vantar, mat á óformlegu námi utan skólans þarf einnig að skoða, styrkja þarf vettvang óformlegs náms, skapa þarf raunveruleg verkefni, sniðin að þörfum erfiðasta hópsins og þar verða að koma að margir til að tengja saman, margir verða að tengja sig saman í þessu málefni. Rannsóknir og greining sýna fram á að erfitt er að ná til ungmenna á Íslandi sem ekki eru í skóla, það er að segja það er erfitt að kortleggja þennan hóp og þar af leiðandi enn erfiðara að takast á við þau vandamál sem þessi ungi hópur glímur við.

Hér eru einnig hugmyndir, með leyfi forseta, hugmyndir sem hópur um ódýrari frístundir kom með fyrir þennan aldurshóp, 16 ára og eldri, „að efla þurfi frístundastarf fyrir 16-25 ára. Eftir að grunnskóla lýkur minnkar framboð á skipulögðu tómstundastarfi verulega. Bjóða þarf ungmennum upp á skipulegar tómstundir með virkri þátttöku þeirra ...“ Vá. Ég er eitthvað að endurtaka mig hér. En aldrei verður þetta of oft kveðið, það þarf að efla frístundastarf fyrir 16-25 ára í þessari borg. „Boðið verði upp á íþróttaklúbb eða sambærilega starfsemi í anda íþróttaklúbbs Árbæjar fyrir 16+ hópinn.“ Það er að segja að það eru mörg tækifæri í borginni til að til dæmis opna íþróttasali eða aðgang að frístundamiðstöðvum þar sem hægt væri að bjóða upp á flott tómstundatilboð. „Hópurinn mælir með því að kannað verði á vettvangi hverfanna hvort tengja megi verkefni fyrir þennan aldurshóp almenningsíþróttum, svosem skokkhópum.“

Bstj. 18. október 2011

Þetta verkefni er samstarfsverkefni okkar allra. Okkar stjórnámálanna og þeirra fjölmörgu starfsmanna sem starfa á vettvangi ungs fólks. Ungs fólks sem er að stíga sín fyrstu skref inn í heim fullorðinna og með betri yfirsýn og heildstæðri þjónustu erum við að skapa þessu unga fólki og Reykjavík bjartari framtíð.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Geir Sveinsson.

Bstj. 18. október 2011

**1. mál Tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks (að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar)**

**Geir Sveinsson:** Frú forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mig langar til að byrja á að lýsa yfir ánægju minni með þessa tillögu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við skoðum þennan málaflokk og sérstaklega hvað er að gerast hjá ungu fólki í dag og eins og borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir kom inn á er gríðarlegur fjöldi sem er að þiggja fjárhagsaðstoð á þessum aldri. Það er mikil aukning og það er alveg ljóst að í árferði sem þessu, því miður, þá fer þeim fjölgandi sem eru í þessum sporum og þess vegna tel ég það mjög mikilvægt að við skoðum þetta og förum svolítið vel ofan í þessi mál. En mig langar samt aðeins að koma hérna inn á af hverju er þessi staða komin upp. Nærtækast kannski er að við bendum á að árferðið í dag er þannig vaxið að því miður er þessi mikli fjöldi sem verður, það er að segja brottfall úr skólum, að hann á ekki möguleika á að fá atvinnu í dag.

Það er bara þannig að í árferði sem er mun betra en er í dag og atvinnuframboð er miklu betra og meira, þá er auðvitað alveg ljóst að við verðum bara einfaldlega minna vör við þetta. Þessir ungu krakkar eru flestöll í vinnu, finna sér eitthvað að gera og annað, en því miður, þegar árferðið verður eins og það er í dag, þá kemur þessi hópur bersýnilega í ljós. Ég held að það þurfi að kíkja á þennan hóp miklu fyrr heldur en við erum að gera og þá komum við að einum þætti sem ég myndi svo klárlega vilja að væri tekinn til skoðunar, sérstaklega í ljósi þess að tillagan gengur út á það að stefnumótun verði unnin í nánu samstarfi skóla- og frístundasviðs og mennta- og menningarmálaráðuneytisins og velferðarráðuneytisins og þess vegna held ég að sé svo mikilvægt að við skoðum og reynum að átta okkur á því af hverju brottfallið verður svona mikið.

Borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir kom inn á að í samanburði við Norðurlöndin virðist þetta vera mun hærra hjá okkur þó það sé kannski fullerfitt að bera saman, en þá er þetta engu að síður hærra og þetta er, það er bara þannig að 30% af hverjum árgangi klárar ekki framhaldsskólanám. Það þýðir að þetta séu 1.500 krakkar, sirka, sem fara ekki í þetta nám. Það þýðir ekkert endilega að allir endi á fjárhagsaðstoð eða allir endi í tómu tjóni, langt því frá, en við þurfum hinsvegar að fara að huga að því hvernig við getum aðstoðað þessa krakka vegna þess að

Bstj. 18. október 2011

stór ástæða þessa brottfalls getur verið áhugaleysi, leiði og félagslegar aðstæður sem gera þetta að verkum og þess vegna þurfum við að reyna að targeta þennan hóp svoflitið betur og fyrr og reyna að átta okkur á því og finna leiðir; hvernig getum við komið þeim inn á brautir sem eru áhugaverðar? Vegna þess að ef þau komast, finna sér leið, finna sér nám og annað sem hentar þeim, þá sýna bara og sanna allar tölur það að þeim vegnar mun betur í lífinu og það muni hérna klárlega þar af leiðandi minnka alla þessa félagslegu erfiðleika sem við erum að upplifa hjá þessu fólki.

Þess vegna hvet ég þann hóp sem kemur til með að taka þetta mál að sér að skoða þetta virkilega vel. Hvernig getum við í samvinnu við hið opinbera fundið leiðir til þess að einfaldlega minnka þetta brottfall? Því það er því miður held ég stærsta ástæðan fyrir því að við erum að fá svona gríðarlega mikla fjölgun sem þiggjendur fjárhagsaðstoðar og ég held að það sé 100% aukning á síðustu 12 mánuðum í þiggjendum fjárhagsaðstoðar í yngsta aldrinum, 18-19 ára. Þannig að ég endurtek, ég hvet ykkur enn og aftur, þá sem eru í hópnum, að skoða þetta vel. Finnum leiðir hvernig við getum komið til móts við þessa og fækkað og minnkað þetta brottfall. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Geir Sveinsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 18. október 2011

**1. mál Tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks (að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er mikil þörf á stefnumótun á vettvangi borgarinnar ... Fyrirgefið þið. Það er mikil þörf á stefnumótun á vegum borgarinnar varðandi málefni ungs fólks. Ungmennni eru að sjálfsgöðu fjölbreyttur hópur og þau eiga að geta reitt sig á þjónustu borgarinnar eins og allir aðrir aldurshópar, fjölbreytta þjónustu eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins. En ungmenni eiga þó margt sameiginlegt og það er það sem að borgin þarf að gera sér grein fyrir. Borgin þarf að gera sér grein fyrir þörfum ungmenna sem ungmenna og við þurfum að þjónusta hópin sem slíkan. Það er þannig að ungt fólk á aldrinum 16-25 ára er búið með skyldunám og það er því ekki á ábyrgð borgarinnar að ungmennin mennti sig, eða hvað? Þau eru ekki lengur í félagsmiðstöðvum – berum við þá ekki sem borg áfram ábyrgð á því að þau stundi uppbyggilegt og þroskandi félagsstarf eða hvað? Ungmennni sem hafa samt ekki lokið námi, þau eru um það bil að fá bílpróf, þau eru um það bil að fá kosningarétt, þau mega bráðum kaupa áfengi, þau eiga í rauninni ekki að gera neitt, en þau mega heldur ekki gera allt.

Þetta er mjög flókin staða að vera í sem ungmenni, að þroskast og verða fullorðin. Verða fullorðin að sumu leyti og barn að öðru leyti, jafnvel eiga að bera ábyrgð á ansi mörgu en vera kannski ekki í stakk búin til þess. Og þá erum við sem Reykjavíkurborg mjög mikilvægur aðili, bæði sem veitandi þjónustu og sem stjórnvald og sem stefnumótunaraðili. Við erum líka samstarfsaðili við ríkið og við verðum náttúrulega að halda áfram að bera ábyrgð á borgarbúum hvort sem að menntunin er á ábyrgð borgarinnar eða ríkisins, hvort sem að atvinnumálin eru á vettvangi borgarinnar eða ríkisins, þá er það á okkar ábyrgð að borgarbúum líði vel, og þess vegna skiptir mjög miklu máli að við sem Reykjavíkurborg mótum okkur einhverja stefnu um það hvernig við teljum best að þjónusta og koma til móts við ungmenni þannig að þeim líði vel.

Það er nefnilega þannig, að þó að ungmenni séu bara fjölbreyttur hópur fólks, eins og allir aðrir aldurshópar, að þá skiptir aldur mjög miklu máli. Það skiptir máli á hvaða aldri fólk er þegar að hlutir eru að gerast, breytast eða batna eða versna –

Bstj. 18. október 2011

hvar erum við í lífinu þegar eitthvað gerist. Aldurshópar eru rosalega misviðkvæmir fyrir breytingum og þeir eiga mjög misauðvelt með að aðlagast breytingum eftir því hvernig aðstæður þeirra eru að öðru leyti og meðal annars bara vegna aldurs. Ungt fólk sem á lífið framundan þarf að geta staðið af sér sviptingar eða sveiflur, til dæmis í atvinnu- og efnahagsmálum, en til þess verðum við sem opinberaðili og aðrir opinberir aðilar að axla ábyrgð og skilja aðstæður þessara ungmenna, þannig að við getum gripið til þeirra aðgerða sem þörf er til þess að styðja við þau og reyna að koma sem flestum standandi yfir þann ólgu sjó sem að nú til dæmis ríður yfir.

Borgarfulltrúarnir Eva Einarsdóttir og Geir Sveinsson hafa bæði farið ágætlega yfir það sem að svona einkennir þennan hóp. Atvinnuleysi er sérstaklega mikið meðal ungs fólks. Ungt fólk er ekki að mennta sig eins og við mundum vilja að það væri að mennta sig. Það er ýmislegt sem að við mundum vilja að væri öðru vísi í aðstæðum þessa afmarkaða aldurshóps. Það er mjög mikilvægt og fyrsta skrefið til þess að þessi metnaðarfulla sýn sem að kemur þarna frá fulltrúum tveggja ólíkra flokka og ég deili með borgarfulltrúunum, að til þess að hún geti orðið að veruleika, að þá verðum við að hafa einhverja stefnu um það hvaða aðgerða við ættum að grípa til. Og það er bara mjög jákvætt að hér skuli vera flutt tillaga af meirihlutanum um það að fara í slíka stefnumótun.

Þó verð ég að segja og ég er kannski ekki alveg sammála meirihlutanum um það hvernig maður vinnur svona vinnu. Mér finnst mjög mikilvægt að byrja á því að móta stefnu og fara svo í aðgerðir. Mér finnst skjóta þínu skökku við að maður byrji á því að færa til þjónustu og verkefni og slíta í sundur svið og sameina önnur svið og gera þetta og gera hitt, og færa og flytja og dittinn og dattinn og fara svo í að móta stefnu. Það er ekki alveg sú aðferðafræði sem ég held að kunni bestri lukku að stýra. Ég held að það hefði farið ágætlega á því að þetta fyrsta ár kjörtímabilsins hefði farið í það að móta stefnu, meðal annars um málefni ungs fólks, um það hvernig skóla við viljum sjá í framtíðinni, um það hvort að það eigi að sameina skóla og frístundaheimili eða ekki. Um það hvort að skólar eigi að vera af ákveðinni stærð, hvort að leikskólar eigi að vera af ákveðinni stærð og svo framvegis og svo framvegis og fara svo í að grípa til aðgerða í samræmi við þá

Bstj. 18. október 2011

stefnu. En meirihlutinn kýs að hafa annan hátt á og hann verður bara að bera ábyrgð á því.

Ég er engu að síður mjög hlynnt því að það verði mótuð stefna um málefni ungs fólks í Reykjavík og við Vinstri græn munum ekkert liggja á liði okkar í því. Ég hef svo sem ekki séð hér hvar á að setja saman þennan starfshóp – mér þætti vænt um ef að, eða kannski hef ég bara ekki heyrt það, borgarfulltrúarnir færu aðeins yfir það hvar starfshópurinn á að verða myndaður og hvert hann á að skila sínum niðurstöðum. Og að sama skapi væri gott ef að það væri einhver endapunktur settur á vinnuna að það væri sem sagt afmarkaður einhver skiladagur þessa hóps. En að öðru leyti vil ég bara þakka fyrir og lýsa því yfir að við Vinstri græn styðjum tillöguna.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

Bstj. 18. október 2011

**1. mál Tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks (að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að kveðja mér örstutt hljóðs hér vegna tillögu um stefnumótun um málefni ungs fólks, sem að ég fagna að við séum að fara að ráðast í. Margt ágætt kom hér fram í máli formanns ÍTR og ég ætla ekki að lengja mál mitt hér nú, en get tekið undir áhyggjur borgarfulltrúa Geirs Sveinssonar vegna brottfallsins, ekki bara úr skólum heldur líka úr skipulögðu tómstunda- og íþróttastarfi hjá þessum aldurshópi, þannig að hér er sannarlega aðgerða þörf. Ég ætla aðeins að fá að nýta tækifærið og koma hér inn á eitt frábært verkefni sem er gott dæmi og lýsandi dæmi fyrir það hversu góðan ávöxt samstarf milli ríkis og borgar getur gefið af sér, í sambandi við þennan aldurshóp, og það er verkefni sem að heitir Námskraftur og starfskraftur. Þetta eru í rauninni tvíþætt verkefni sem að í báðum tilfellum er hýst og stýrt af Námsflokkum Reykjavíkur, sem er firnaflott borgarstofnun sem að við eigum að vera mjög stolt af.

Þetta er þróun sem hefur átt sér stað einungis síðustu ár og gerst frekar hratt, en gengur út á námstilboð til handa ungmennum sem ekki hafa komist inn í framhaldsskóla. Þetta er sem sagt samstarfsverkefni, eins og ég sagði hér áður, Námsflokka Reykjavíkur sem sjá um námshönnun og kennslu þessa prógramms, Fjölbrautaskólans við Ármúla sem metur áfangana og skráir einingar og svo ráðuneytis mennta- og menningarmála sem greiðir Námsflokkum Reykjavíkur kostnað vegna þessa verkefnis. Og þetta var reynt mjög fljótlega eftir að efnahagshörmungarnar dundu á okkur. Við þekkjum það auðvitað að framhaldsskólarnir fylltust af ungu fólki, fólki sem hafði jafnvel verið á vinnumarkaðnum í stuttan eða langan tíma og missti vinnuna í kjölfar þrenginganna og ákvað því að taka sér ekki lengra hlé frá námi og framhaldsskólarnir fylltust af ungu fólki. Það gerði það að verkum að þarna var ákveðinn hópur sem að stóð út af borðinu, fótaði sig ekki í námi og átti gjarnan brotna sögu úr grunnskóla og átti ekki í nein önnur hús að venda og ekki á vinnumarkaðnum voru störf fyrir þennan hóp.

Bstj. 18. október 2011

Þannig að þetta er starfsþjálfunar- og námsverkefni sniðið að þörfum ungs fólks sem ekki hefur fótað sig eins og ég sagði áður í námi eða starfi. Og hefur gefið svo góða raun að eftir að þetta hafði verið þróað um stund og litið á þetta sem þróunarverkefni til þess að byrja með, þá ákváðu þessir tveir aðilar, ráðuneytið og Reykjavíkurborg í samstarfi við Fjölbautaskólann við Ármúla, að gera tveggja ára samning í framhaldinu, svo vel hefur þetta gengið. Og það er mjög mikilvægt að horfa til þessara góðu verkefna sem við erum að vinna með hjá borginni, kortleggja þau enn frekar og sjá hvar við getum gert enn betur.

En aðeins vegna þess að það er nú ekki í fyrsta sinn sem við ræðum þennan aldurshóp og hans þarfir og hans sérstöku þarfir gjarnan og þann veruleika sem blasir við honum, eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kom hér svo ágætlega inn á áðan á hvaða tímamótum hann stendur, hvað hann má og hvað má hann ekki. Eftir að sjálfræðisaldurinn var færður upp um 2 ár þá vitum við það auðvitað að þó svo að framhaldsskólinn sem slíkur sé ekki á okkar yfirráðasvæði ef við getum orðað það svoleiðis, við höfum ekki með hans stefnumótun að gera eða stýringu, að þá eru samt sem áður 16-18 ára einstaklingar ekki enn komnir með sjálfræði. Og við höfum auðvitað velt þessu mikið fyrir okkur inni á skólasviðinu, menntasviðinu sem var og skóla- og frístundasviði í dag, og meðal annars var hér fyrir rúmu ári síðan flutt tillaga í borgarstjórn – í menntaráðinu fyrst og ... í borgarstjórn fyrst (afsakið mig) og svo tókum við umræðu um tillöguna í menntaráðinu gamla og settum í ákveðinn farveg samstarf milli ráðuneytis mennta- og nú menningarmála og menntasviðs Reykjavíkur um akkúrat þessi skil, og hvernig við getum mögulega gert þessa brú sem að liggur frá grunnskólanum yfir í framhaldsskólann styrkari. Þannig að hópur sem að getur fallið útbyrðis og fótur sig ekki á þessari leið að hann eigi okkur að, eigi í okkur bakhjarl.

Og mér finnst rakið að sú vinna sem liggur fyrir og þær þælingar sem við höfum farið í gegnum með ráðuneyti menntamála þar sem er mikill áhugi á frekara samstarfi við sveitarfélögin og kannski sérstaklega höfuðborgina, það er auðvitað á þessu svæði sem þessi vandi með framhaldsskólana og að ekki séu næg pláss í framhaldsskólum fyrir alla þá sem að vilja stunda þar nám er kannski hvað stærstur. En þar vil ég kannski helst nefna, þó svo að þessi stefnumótun sem við

Bstj. 18. október 2011

viljum samþykkja að fari af stað í dag taki auðvitað ekki bara á skólamállum heldur á öllu þessu umhverfi ungs fólks í dag, atvinnuleysinu, framboðinu á tómsund, starfi og félagsstarfi úti í hverfum og hvaða bjargir borgin getur veitt og gefið til þess að styrkja við unga fólkið okkar, að þá er mjög mikilvægt líka að horfa til þess hvað við getum gert skólamegin og þá kannski sérstaklega hvernig við getum með starfs- og námsráðgjöf í grunnskólum komið betur til móts við ungt fólk á þessum aldri, þannig að við séum einfaldlega að bjóða þeim upp á bestu mögulegu ráðgjöf sem hentar þeirra hæfileikum í lífinu og byggir á þeirra styrkleikum og hvað þau vilja gera.

Og alveg eins og borgarfulltrúi Geir Sveinsson og borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir komu inn á, þá erum við auðvitað á Íslandi ekki með eins ríkt og gott framboð af styttri námsbrautum og gjarnan starfstengdum námsbrautum eins og nágrannalöndin. Þetta hefur verið í umræðunni mjög lengi og ég viðurkenni það alveg að ég er stundum orðin æði óþolinmóð að sjá þá sem bera ábyrgð á framhaldsskólakerfinu í dag, ríkisvaldið, setja fram raunhæfar áætlanir og aðgerðir til þess að bjóða upp á betra og meira og öðruvísi tilboð um framhaldsnám en nú er. Þannig að ég vildi bara hafa sagt þetta.

Mér þykir rakið fyrst að þessi stefnumótun er að fara af stað, að við köllum aftur til þann góða hóp sem kom saman, síðan að þessi tillaga var flutt hér vorið 2010, um samstarfsvettvang ríkis og höfuðborgar um akkúrat þennan aldur og smyrja þessi samskeyti og styrkja við þessa brú sem liggur á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Og þá er eiginlega sama hvort um er að ræða starfsráðgjöfina eða námsráðgjöfina eða það að tengja betur saman frístundamiðstöðvarnar þar sem þekkingin á unglíngunum býr. Í hverju hverfi er fólk frá frístundamiðstöðvum sem þekkir auðvitað mjög vel til barnanna, sem svo breytast í unglínga, sem svo breytist í ungt fólk, allt er þetta nú sama fólkið þó að það eldist ár frá ári og við eigum auðvitað að nýta þá þekkingu sem býr í hverfunum til þess að styrkja og styðja við þennan hóp, eigi hann erfitt með að fóta sig. Og ég var búin að minnst á náms- og starfsráðgjöfina en ég held að það sé ekki síður mikilvægt að vinna forvarnir af öllu tagi þvert á borg og ríki þegar kemur að skólaskilum grunn- og

Bstj. 18. október 2011

framhaldsskóla. En ég fagna þessu og hlakka til þess að sjá hvað kemur út úr þessari mikilvægu vinnu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 18. október 2011

**1. mál Tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks (að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar)**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla hér eins og aðrir að fagna þessari tillögu. Sýnist þetta um flest vera hin ágætasta tillaga. Og auðvitað er það svo, að við höfum í fortíðinni staðið í margvíslegri stefnumótun á öllum tímum um málefni ungs fólks og þykkir doðrantar hafa safnast upp með stefnumótunum í gegnum tíðina, sem hefur verið okkar leiðarljós í því að bæta þetta starf í borginni og okkur hefur miðað fram á veg í því þrátt fyrir efnahagsleg áföll. Ég held að við búum að mörgu leyti að góðri þjónustu á þessu sviði. Og svo er það líka með þennan málaflokk, þetta er auðvitað málaflokkur sem er í stöðugri breytingu og þróun, málefni ungs fólks og það er ekkert að því að það sé stöðugt unnið að stefnumótun á þessu sviði, þannig að vonandi bætum við okkar vinnubrögð.

Og ég ætla að geta þess hér að þarna sjáum við, þarna finnst mér eins og Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi kom inn á, þarna er byrjað á réttum enda og vil hrósa Evu Einarsdóttur formanni ÍTR fyrir að leggja málið upp með þessum hætti. Þarna er í rauninni byrjað á því að fara í stefnumótunina sem síðan er þá undanfari breytinga. En því miður sáum við dæmi um allt önnur vinnubrögð hér á síðasta vetri og það var í menntamálunum, skóla- og frístundamálunum, þegar í rauninni fyrst það var farið með einhverjum æðibunuhætti var farið út í breytingar án þess að það hefði með nokkrum hætti verið kannað til hlítar hverjar afleiðingarnar yrðu, hvaða áhrif þær breytingar mundu hafa á skóla- og frístundir í borginni, hvað þá fjárhagsleg áhrif. Það var í rauninni skotið fyrst og síðan átti að fara í stefnumótunina og leiðinlegt að fylgjast með því núna. Það er mikil óvissa uppi í skóla- og frístundastarfi í borginni, vegna þess að breytingarnar voru keyrðar í gegn og nú er fólki ætlað að fara í stefnumótun í framhaldi af þeim breytingum.

En eins og hér liggur hins vegar fyrir, þetta er ánægjulegt hér að fara í stefnumótunina og byggja væntanlega aðgerðir á þessari stefnumótun, og við borgarfulltrúar í öllum flokkum hljótum að vera meira en reiðubúnir til að taka þátt í þeirri vinnu og leggja þar gott til málanna, eins og skylda okkar bíður. Það má auðvitað margt segja um þennan málaflokk og alveg rétt eins og kom hér fram

Bstj. 18. október 2011

Í máli manna á undan mér, Geir Sveinssyni borgarfulltrúa meðal annars, að staðan mætti vera betri í þessum aldursþóp sem við ræðum um. Það er mikilvægt að örva það að þessi hópur leiti í holl áhugamál og finni sér heilbrigða tómstundaiðkun, sérstaklega sá hópur sem er svo illa staddur að hafa ekki vinnu. Og það er auðvitað bara stórt mál fyrir þjóðfélagið að það myndist ekki hér hópur sem er hérna árum eða áratugum saman, venst á það að vera ekki í vinnu heldur vera á fjárhagsaðstoð og atvinnuleysisbótum. Og ég er alveg sannfærður um það að holl tómstundaiðja hér í borginni á vegum borgarinnar og sjálfstæðra félagasamtaka er besta leiðin til þess að lágmarka þá hættu að slíkur hópur myndist.

Það var aðeins eitt sem ég saknaði í annars ágætri tillögu og það var, að í henni er gert ráð fyrir að í þessari stefnumótunarvinnu þá verði sérstaklega skoðuð þau tækifæri sem frístundamiðstöðvar borgarinnar og Hitt húsið hafa upp á að bjóða til að efla virkni ungs fólks í hverfum borgarinnar og það er bara hið besta mál að gera það. Ég saknaði þess þó að sjá ekki þarna fjallað í tillögunni um frjáls félagasamtök í borginni, við getum nefnt þar á meðal íþróttafélögin í Reykjavík, skátahreyfinguna, KFUM og K og önnur frjáls félagasamtök. Eins og við vitum er félagslíf blómlegt hér í borginni og ef við bara leggjum mælikvarða á þetta, þá eru það ekki síður margir og sennilega margfalt fleiri sem stunda holla tómstundaiðkun á vegum frjálsra félagasamtaka í borginni, eins og hjá borginni sjálfri, í okkar góðu stofnunum sem eru frístundamiðstöðvarnar, félagsheimilin og félagsmiðstöðvarnar og Hitt húsið. Þannig að ég mundi vilja leggja til fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna að koma með breytingatillögu við þessa ágætu tillögu eða viðbót þannig, að í 2. málsgrein í tillögunni að hún mundi hljóða svo eftir breytinguna:

Stefnumótunarvinnan skoði sérstaklega þau tækifæri sem frístundamiðstöðvar borgarinnar, Hitt húsið, íþróttafélögin í Reykjavík, skátahreyfingin og önnur frjáls félög og samtök hafa upp á að bjóða til að efla virkni ungs fólks í hverfum borgarinnar.

Ég vona að aðrir borgarfulltrúar taki vel í þessa tillögu okkar. Ég er viss um að hún verður til bóta með þessum hætti og vonast til að við getum sameinast um þessa breytingu sem og tillöguna sjálfa.

Bstj. 18. október 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

Bstj. 18. október 2011

**1. mál Tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks (að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar)**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég hef heilmikla trú á ungu fólki bara alls konar ungu fólki, bæði þeim sem eru í skóla og þeim sem eru í vinnu og þeim sem eru hvergi, hvorki í skóla né vinnu. Ég held að það fólk eigi alveg framtíð fyrir sér, en við þurfum hins vegar að gera mjög ríkar og raunhæfar kröfur til þess fólks og ekki afskrifa það eins og ég held að við gerum of mikið úr. Við gerum mikið úr vanda þess unga fólks sem er ærinn, en við megum ekki tala þannig til ungs fólks eins og það eigi ekki framtíð fyrir sér, því að þá held ég fyrst verði vonleysið algjörlega vonlaust þegar svo er. En það sem mér finnst vera mikilvægt innlegg í þessa umræðu um stefnumótun ungs fólks það er í rauninni tvennt: Mér finnst svo mikilvægt að stefnumótunin byggji á því hvað unga fólk segir sjálf, að við hlustum á unga fólk, hvað er það sem að þau vilja gera til þess að hafa líf sitt gott.

Og ég er ekki að segja að við eigum bara að setja alveg valdið til þeirra því að ég held að það sé heldur ekkert gott að fá að ráða of miklu ef maður er ekki að ráða of mikið við sitt eigið líf þegar þannig stendur á. Og við þekkjum það örugglega mörg hver, maður hefur alltaf einhvern tíma misst stjórn á lífi sínu og þá er ekkert alltof gott að stjórna því sjálfur. Það er einmitt mjög gott að láta aðra stjórna. En við þurfum að hlusta á unga fólk hvað er það sem að þau vilja. Vilja þau taka þátt í frístundastarfi? Vilja þau taka þátt í alls konar virkniámskeiðum? Vilja þau fyrst og fremst fá vinnu? Vilja þau fá annars konar nám? Bara hvað er það sem þau vilja og stefnumótunin verður að taka mið af því.

En ég, eins og margir aðrir hef misst fótanna í lífinu, einmitt þegar að ég var 15 og 16 ára og ég er svo fegin því að hafa fengið mjög ríkar og raunhæfar kröfur, því að ég held að það versta fyrir unga fólk er þegar að við gerum ekki kröfur á það og leyfum því að dankast og ég segi stundum að ég er svo á móti því þegar við erum að úrræðavæða ungt fólk. Við einhvern veginn bara ætlumst til þess að ungt fólk bara fari í þetta úrræði og hitt úrræðið og við gerum hitt og þetta fyrir ungt fólk í staðinn fyrir að gera bara mjög raunhæfar og ríkar kröfur til þeirra. Og ekki

Bstj. 18. október 2011

gefast upp á ungu fólki þó að það gefist upp á sjálfu sér. Við verðum að hafa von fyrir þeirra hönd.

Það sem mér finnst líka mjög mikilvægt í þessari umræðu um stefnumótun fyrir ungt fólk, og ég styð þessa tillögu alveg heilshugar, en hún samt miðar svolítið við stofnanir borgarinnar þar sem að segir: „Að við eigum að skoða hvað frístundamiðstöðvar og Hitt húsið í hverfum borgarinnar hafa upp á að bjóða í samvinnu við ýmsar aðrar stofnanir á skóla- og frístundasviði og á velferðarsviði.“ Það skiptir svo miklu máli að við vinnum með þetta út frá þörfum unga fólksins, en ekki út frá okkar eigin skipulagi eða út frá þeim stofnunum sem við höfum í dag. Við megum ekki móta stefnu fyrir ungt fólk út frá þörfum einhverra tiltekinna stofnanna eða tiltekinna sviða, hvort sem þau heyra undir Reykjavíkurborg eða atvinnuleysistryggingasjóð eða ríkisvaldið. Þess vegna þurfum við fyrst og fremst að hugsa; hvað er það sem við þurfum að bjóða ungu fólki, hver getur veitt það sem þau þurfa? Ekki út frá stofnuninni. Og það er ekki að ástæðulausu að ég segi þetta því að það hafa verið reynd ýmiss konar verkefni og þegar verkefni eru unnin mjög þvert á stofnanir þá eru stofnanirnar stundum of uppteknar af sjálfum sér, þó að það sé ekki altækt og hvernig þær sjá sjálfa sig í svona verkefnum. Stofnanir eiga ekki að sjá sjálfar sig í verkefnum. Stofnanir eiga að sjá hvernig mætum við unga fólkinu sem að þarf á okkur að halda, það er bara svolítið önnur nálgun og við verðum að nálgast verkefnið út frá unga fólkinu.

En það er full ástæða fyrir því að þessi stefnumótun er sett núna af stað og ég er mjög ánægð með það að í stefnumótuninni er sérstaklega tiltekið að við þurfum að vinna gegn fjölgun ungs fólks í hópi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð. Í dag hefur það verið þannig í nokkra mánuði að það eru um 500 manns, 18-25 ára, sem eru á fjárhagsaðstoð í hverjum mánuði, sem sagt fá fjárhagsaðstoð sér til framfærslu. Það er sem sagt ungt fólk sem ekki er með atvinnutekjur og hefur lítinn eða engan bótarétt hjá Vinnumálastofnun. Sumt af þessu fólki er í skóla og það er vel, en ég hef því miður ekki greiningu á því. Síðastliðið sumar þá fjölguðum við mjög sumarstörfum fyrir ungt fólk þannig að það fengi tækifæri til þess að vinna og við fjölguðum störfunum um 400 með sérstöku átaki og átakanu var ætlað að fækka fólki á fjárhagsaðstoð þannig að fólk fengi frekar vinnu. Ég veit ekki alveg

Bstj. 18. október 2011

hvernig til tókst vegna þess að við erum ennþá að bíða eftir skýrslum frá þeim stofnunum sem tóku þátt í verkefninu, þannig að það er ekki búið að meta það. En ég hef þó vísbendingu um það að á sumarmánuðunum árið 2011 voru færri á fjárhagsaðstoð á aldrinum 18-24 ára en árið 2010. Þannig að það fækkaði á fjárhagsaðstoð, þó að það væri ekki mikið – það eru 4% og 7% í júlí og ágúst miðað við sama ár í fyrra. En það var hinsvegar mjög mikil fjölgun mánuðina á undan, semsagt janúar, febrúar, mars og apríl var um 25% fjölgun miðað við síðasta ár. Þannig að það að við skyldum fjölga mjög störfum það allavega sló á þessa miklu fjölgun og það urðu færri. Þannig að allar svona aðgerðir, þær skila sér í betra lífi. Og ástæðan fyrir því að við viljum fækka þessu fólki á fjárhagsaðstoð, þessu unga fólki, er sú að það er mjög vont að lifa á fjárhagsaðstoð og vera óvirkur í samfélaginu.

Í velferðarráði síðast var kynnt ný rannsókn, sem unnin var undir handleiðslu Jónu Guðnýjar Eyjólfsdóttur, verkefnisstjóra á velferðarsviði, á stöðu og líðan atvinnuleitenda sem fá fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg þar sem sálfræðilegir matslistar til að meta kvíða, þunglyndi, líkamleg vandamál, athyglisbrest með ofvirkni, lífsánægju, áfengis- og vímuefnavanda, internetfíkn og áfallastreituröskun voru skoðaðir. Og niðurstaðan er sú, sem að kannski á ekki að koma á óvart, en það var bara sannað enn og aftur að líðan þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð er verri en almennings og tíðni þunglyndis, líkamlegra vandamála, kvíða og athyglisbrests er verri hjá þeim sem eru yngri en 30 ára og þeir eiga við meiri vanda að stríða. Þannig að þetta unga fólk sem við erum að tala um hér í hundradatali sem er á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins hverju sinni, þetta er ungt fólk sem bara líður mjög illa. Þannig að það er mjög alvarlegt að við séum ekki á tánum á hverjum einasta degi að gera kröfur til þessa unga fólks um að það geri eitthvað við líf sitt. Þetta má ekki vera svona. Og við eigum að gera kröfur. Við eigum að bjóða því vinnu, því að við höfum vinnu. Og við eigum að bjóða því skóla, því að við höfum námsúrræði. Og við eigum að bjóða því önnur virkni þegar þannig á við og við eigum að bjóða því frístundir eins og hér er verið að leggja til, þegar það á við og það er það sem þau vilja og geta.

Bstj. 18. október 2011

Velferðarsvið er að bjóða upp á ýmislegt. Hitt húsið er að bjóða upp á ýmislegt. Þetta þarf að kortleggja, þannig að í hvert skipti sem að ung manneskja kemur til þess að óska eftir fjárhagsaðstoð á þjónustumiðstöðvum borgarinnar, þá á bara að vera listi fyrir framan ráðgjafann þar sem að hann getur boðið viðkomandi í nám, í vinnu, í eitthvað frístundatilboð, í virkni eða í áfengis- og vímuefna meðferð eða hvað það er sem viðkomandi þarf til þess að koma sér út úr þessum aðstæðum sem hann er í.

Mig langar líka að segja frá einu og það er ástæðan fyrir því að ég talaði um það hvað er mikilvægt að við skoðum þarfir þessa fólks og hvernig þeim er mætt út frá honum sjálfum en ekki þeim stofnunum sem eru við lýði. Ég er búin að vera núna í starfshópi um nokkurra mánaða skeið til þess að vinna að tillögum um atvinnutorg þar sem að nokkur sveitarfélög ásamt Vinnumálastofnun og velferðarráðuneytinu hafa verið að smíða tillögur sem hafa það að markmiði að auka virkni þeirra sem eru á framfærslustyrk sveitarfélaganna, óháð því hvort þeir hafa atvinnuleysisbótarétt eða ekki, bjóða þeim semsagt nám, atvinnu eða meðferð og raunhæf markmið til þess að vinna með í sínu lífi. Og það er töluvert erfitt þegar að verið er að reyna að búa til tillögur þar sem að stofnanir semsagt eiga og þurfa að breyta sínum vinnubrögðum og jafnvel að færa sína starfsemi til.

En markmiðið með þessu atvinnutorgi, eins og staðan er núna, og ég vona að þetta fari að klárast, það er allavega fundur í velferðarráðuneytinu á morgun þar sem á að reyna að klára þetta verkefni, er að þjónusta alla atvinnuleitendur sem eru yngri en 25 ára, óháð því hvort að þeir eigi bótarétt eða ekki, að við séum ekki að hólfa einstaklingana niður, að þjónusta sérstaklega þá sem eru 16-20 ára og eru ekki í námi og ekki í vinnu, ekki á bótum og ekki á fjárhagsaðstoð, en það er töluvert stór hópur. Að atvinnutorgin taki við og boði einstaklinga í þessum hópum í viðtöl og ráðgjöf og greiningu, þar sem greindur er vandi þeirra og þau spurð hvað þau vilja gera. Að öllum einstaklingum verið boðið upp á val um úrræði, sé slíkt talið þeim til hagsbóta, sem felast í boði annað hvort um starfsþjálfun eða vinnu, nám eða námstengd úrræði, meðferð eða starfshæfingu. Síðan er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin tryggi nægt framboð á plássum innan hvers sveitarfélags fyrir þá sem að njóta fjárhagsaðstoðar og fá starfsþjálfun og vinnu í 6 mánuði og við erum

Bstj. 18. október 2011

að ræða þar um 50% starf að lágmarki með stuðningi sem nýtist í starfi. Við gerum ráð fyrir því að þessi atvinnutorg fái heimild til þess að skilyrða fjárhagsaðstoð til þessara einstaklinga og skilyrðingin er fólgin í því að ef fólk er metið vinnufært, að þá sé heimild. og hafni fólk þátttöku, þá sé heimild til þess að skerða fjárhagsaðstoð alveg eins og í dag er heimild til þess að skerða atvinnuleysisbætur.

Og þetta er semsagt í stórum dráttum þetta verkefni sem verður greitt bæði af ríkinu og sveitarfélögunum og hefur tekið langan tíma að þróa, vegna þess að kerfin hugsa oft meira um sig sjálf en þá sem eiga að njóta þjónustunnar. Og ég vona svo sannarlega og ég treysti því að Eva Einarsdóttir, sú sem flutti þessa tillögu og formaður ÍTR, vinni þetta mál út frá þörfum unga fólksins þannig að kerfin hafi það ætíð að leiðarljósi en ekki sínar eigin þarfir. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

Bstj. 18. október 2011

**1. mál Tillaga að stefnumótun um málefni ungs fólks (að beiðni borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar)**

**Eva Einarsdóttir:** Kæri forseti, kærur borgarfulltrúar og kærur borgarar. Ég þakka bara kærlega fyrir góðar umræður og það kom mér svo sem ekkert á óvart að þessari þarfatillögu henni yrði vel tekið og bara gott mál. Það er vissulega satt og ég tek undir það með borgarfulltrúa Björk Vilhelmsdóttur, að þegar að maður er stundum að tala svona, að þá fer þetta að hljóma eins og að þetta sé allt eintóma vandræðagemlingar og við – við hugsum í úrræðum. Og vissulega vill það koma þannig út þegar að einmitt kerfið er að reyna eða við erum að reyna að finna tilboð eða finna út hvernig við best sinnum þessum góða hópi. En ég get alveg sannfært ykkur um frá minni eigin reynslu að það er mjög manneskjulegt þegar út á staðinn er komið og reynt að taka á móti öllum þannig að þau upplifi sig ekki í einhverju úrræði heldur svo sannarlega frekar í einhverju uppbyggilegu, þar sem að kröfur eru gerðar til manns og maður er hvattur áfram.

Og fyrst maður fer svona á flug þá verð ég bara að segja frá því að ég hef séð ungar manneskjur sem eru búnar að vera atvinnulausar í eitt ár, sem eru kannski farnar aftur í skóla, farnar að æfa handbolta og farnar að vinna upp í ónefndu leikhúsi eða þá hafa breytt lífi sínu þannig að þau hafa hætt með kannski kærustu eða kærasta sem var kannski ekki alveg málið á þeirri stundu og hafa tekið og snúið sínu lífi við. Ég er að hitta þetta unga fólk allavega einu sinni í viku labbandi um og það er ótrúlegt hvað hefur breyst fyrir manneskju ef þau fá smá séns og þessi séns er kannski átta vikur sem hafa gert mikið. Þannig að ég veit að það getur virkilega aðstoðað og hjálpað til ef við einmitt setjum kröfur til unga fólksins sem að býr hérna í borginni.

Varðandi tillögu borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar þá fannst mér þær margt um góðar – tillaga um breytingar – og mun forseti Elsa Yeoman lesa breytingatillögu upp á eftir. Engu að síður vil ég taka það fram að í greinargerð, sem, ég biðst afsökunar, barst ykkur öllum frekar seint en barst og þar er stiklað aðeins, meira og meira ítarlega farið í málin. En varðandi fyrirspurn borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur þá tel ég eðlilegast, og það kannski kom ekki nógu skýrt fram, eðlilegast að fulltrúar úr íþrótta- og tólmstundaráði, skóla- og frístundaráði

Bstj. 18. október 2011

og velferðarráði eigi sæti í starfshópnum. Embættismenn á þessum sviðum vinni svo með hinum pólitísku fulltrúum, hópur ætli sér fjóra mánuði í starfið og skili af sér 15. febrúar 2012. Einnig held ég að sé þarna ... og það var kannski ekki komið inn á það áðan eða ég kom ekki inn á það, en eðlilegast væri að þessi hópur myndi líka setja sumarstörf ungs fólks í einhvern farveg, það er að segja, að þetta væri ... auðvitað ætti það að vera hluti af þessum hópi en það er mikilvægt að taka það fram hér því að bæði eyðir Reykjavíkurborg miklum fjármunum og tíma í þetta starf og tími til kominn til að taka það enn fastari tökum. Og væntanlega borgarráði falið að skipa hópinn og skila, eins og ég sagði eigi síðar en 15. febrúar 2012. En bara takk kærlega fyrir góðar umræður hér í dag.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið máli sínu [forseti hringir bjöllu]. Forseta hefur borist breytingatillaga og hljómar eins að einu leyti nema tekin út er setningin „auk Hins hússins“ og kæmi inn í staðinn: „Hitt húsið, íþróttafélögin í Reykjavík, skátahreyfingin og önnur frjáls félög og samtök sem sinna starfi með ungmennum á þessum aldri“ kæmi inn í staðinn. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja tillöguna breytta gefi merki. Einhver á móti. Tillagan telst samþykkt. En ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs undir þessum lið og umræðu því lokið.

Við bíðum með 2. dagskrárliðinn þangað til síðar á þessum fundi og förum í 3. dagskrárlið sem er tillaga um opnun Höfða við Borgartún fyrir ferðamenn að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og til máls tekur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.